

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. febrúar 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ.

Breytingin tekur til lóðar 102 við Hafnarstræti og felur í sér að 2. og 3. hæð verði nýtt sem gistirými. Tillagan felur einnig í sér að hluti þakrýmis verði breytt í þaksvalir og að þar komi upp lyftustokkur auk gufubaðshúss.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 20. mars 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 23. mars 2026